

Yfirskrift:	Stjórnarfundur Félags forstöðumanna ríkisstofnana			
Stjórnarfundur	Dagsetning:	4. maí 2026	Tími:	11:00 – 12:30
Fundarstaður:	Guðrúnartún 1 og Teams			
Fundarstjóri:	SK			
Ritari:	HR			
Á fundinn mættu:	Ágúst Hjörtur Ingþórsson (ÁHI), Hildur Ragnars (HR), Magnús Ingvason (MI), Marín Guðrún Hrafnisdóttir (MGH), Sigríður Kristinsdóttir (SK), Örn Hrafnkelsson (ÖH), og Anna Hermannsdóttir (AH), framkvæmdastjóri félagsins			
Fjarverandi::	Áslaug Ásgeirsdóttir (ÁÁ), Marín Guðrún Hrafnisdóttir (MGH)			

Fundargerð stjórnarfundar FFR 4. maí 2026

1. Fundargerð stjórnarfundar 13. apríl 2026

Fundargerð stjórnarfundar 13. apríl síðastliðinn var samþykkt.

2. Könnun á líðan og starfsumhverfi forstöðumanna

Könnun á líðan og starfsumhverfi forstöðumanna var upphaflega hugsuð sem samstarfsverkefni FFR og fjármálaráðuneytis en þegar á reyndi ákvað ráðuneytið að taka ekki þátt í því. Stjórn FFR ákvað að fá Gallup til að annast gagnavinnslu könnunarinnar fyrir hönd félagsins og var hún send til félagsmanna miðvikudaginn 29. apríl síðastliðinn. Áformað er að hafa könnunina opna til sunnudagsins 10. maí næstkomandi. Spurningar byggja á spurningum í Stofnun ársins ásamt viðbótarspurningum. Lögð er áhersla á trúnað og að svör séu órekjanleg til svarenda. Áformað er að kynna niðurstöðurnar á málstofu fyrir aðalfundinn sem haldin verður 21. maí næstkomandi.

3. Aðalfundur og málstofa

Farið yfir skipulag og dagskrá aðalfundar sem haldinn verður fimmtudaginn 21. maí næstkomandi. Fundurinn verður haldinn í Norræna húsinu og á teams. Áður en hefðbundin aðalfundarstörf hefjast verður málstofa þar sem Tómas Bjarnason, sviðsstjóri hjá Gallup, mun kynna helstu niðurstöður könnunar á líðan og starfsumhverfi forstöðumanna.

Eftir nokkrar umræður var ákveðið að leggja fram tillögu á aðalfundi um óbreytt árgjald, eða 30.000 kr.

4. Trúnaðarmál

Umfjöllun dagskrárliðar bókuð í sérstakri bókun með fundargerð.

5. Dómur Hæstaréttar í máli nr. 39/2025

Í lok apríl var kveðinn upp dómur í Hæstarétti Íslands í máli Elfu Ýrar Gylfadóttur, framkvæmdastjóra Fjölmiðlanefndar, gegn íslenska ríkinu (mál nr. 39/2025). Með dóminum er viðurkenndur réttur forstöðumanna til rökstuðnings fjármála- og efnahagsráðherra fyrir ákvörðun um starfskjör þeirra og til aðgangs að skriflegum gögnum er ákvörðunina varða. Niðurstöðunni ber að fagna og hafa félagsmenn verið upplýstir um niðurstöðu dómsins.

6. Samráðsfundur FFR og SKAM

Samráðsfundur FFR og SKAM verður haldinn í kjölfar stjórnarfundarins. Nokkuð langt er síðan síðast var fundað vegna mikilla anna í fjármálaráðuneytinu.

7. Önnur mál

- Stjórnin áformar að hittast óformlega miðvikudagskvöldið 20. maí næstkomandi.
- Umræður um flutning orlofs á milli orlofsára.
- Umræður um öryggismál forstöðumanna og opinberra starfsmanna.